



Verkalýðs og sjómannafélag Sandgerðis er með Veidikortið til sölu á skrifstofu félagsins. Kortin eru niðurgreidd til félagsmanna og er verð á korti **3.500 kr.**

Aðrir en félagsmenn geta keypt kortið á kostnaðarverði.

Um Veidikortið

Veidikortið er að hefja sitt tólfta starfsár. Allt frá fyrsta degi hefur Veidikortinu verið mjög vel tekið og þessum frábærum viðtökum má þakka það að hægt hefur verið að bjóða upp á frábæra valkosti í vatnaveiði.

Veidikortið er mjög hagkvæmur valkostur sem hentar jafnt veiðimönnum sem fjölskyldufólki. Með Veidikortið í vasanum er hægt að veiða nær ótakmarkað í 38 veiðivötnum víðsvegar um landið sem og tjalda endurgjaldslaust við mörg þeirra.

Nú gefst fólki loksins kostur á að stoppa við falleg vötn, í skemmri eða lengri tíma, án þess að þurfa að eyða miklum tíma í að finna út hvert á að fara til að kaupa veiðileyfi, eða hvort það sé fiskur í vatninu og þar fram eftir götum.

Með kortinu fylgir veglegur bæklingur og í honum eru lýsingar á veiðisvæðunum, reglur, kort og myndir. Einnig eru grunnupplýsingar á ensku í bæklingnum. Allur texti í bæklingi má finna á www.veidikortid.is bæði á íslensku og ensku.

Við viljum hvetja þig til að nota vefinn www.veidikortid.is bæði til skoðanaskipta og til að lesa nýjustu fréttirnar hverju sinni sem tengjast Veidikortinu. Einnig er gagnlegt og gaman fyrir notendur Veidikortsins að deila upplýsingum á spjallinu sem er inni á vefnum. Einnig eru veiðisögur og myndir vel þegar. Netfang Veidikortsins er veidikortid@veidikortid.is

Almennar reglur

Veidikortið er stílað á einn einstakling og þurfa korthafar að merkja kortið með kennitölu sinni í þar til gerðan reit. Þegar skráning fer fram hjá landeiganda eða veiðiverði ber að sýna Veidikortið og persónuskilríki eða samkvæmt reglum í bæklingi. Veiðimenn hvattir til að ganga vel um veiðisvæðin og skilja ekki eftir sig rusl eða önnur ummerki.

Kortið gildir fyrir einn fullorðinn og börn yngri en 14 ára í fylgd með korthafa. Eiganda kortsins ber að merkja kortið á bakhlið með kennitölu sinni.

Veiðimönnum ber að virða þær reglur sem kynntar eru á upplýsingasíðum vatnanna, en mismunandi reglur geta gilt á milli vatnasvæðanna.

Sjá nánar www.veidikortid.is